

Eldfákar, eftir Jóhannes S. Kjarval

Dulrænan í verkum Kjarvals

SÝNING á verkum Kjarvals í eigu Listasafns Reykjavíkur verður opnuð í austursal Kjarvalsstaða í dag. Verkin gefa innsýn í fjölbreytt stílbrögð listamannsins með áherslu á landslagsmyndir, mannamyndir og verk með því dulræna inntaki sem Kjarval heillaðist af. Árlega eru haldnar a.m.k. tvær sýningar á verkum Kjarvals að Kjarvalsstöðum, þar sem leitast er við að kynna verk listamannsins með ólíkum áherslum hverju sinni. Kjarvalssafn hefur vaxið með árunum, bæði hefur safnið keypt fjölda verka auk þess sem því hafa borist fjölmargar ómetanlegar gjafir frá velunnurum Kjarvals, sem styrkt hafa safnið verulega. Sýningin stendur til áramóta.

VERULEIKINN AÐ BAKI BLEKKINGUNNI

Tölvutækni nútímans hefur gjörbreytt forsendum ljósmyndarinnar og listamenn færa sér í nyt tvíræðni miðilsins sem veruleikasýnar og blekkingar. HULDA STEFÁNSDÓTTIR segir frá sýningu á ljósmyndum 30 erlendra listamanna sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag.

AÐ SKAPA raunveruleikann – „Making it real" er yfirskrift sýningar á ljósmyndaverkum þrjátíu erlendra listamanna sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum í dag kl. 16. Listamennirnir eru allir þekkt nöfn í sjónlistum samtímans. Efnistök verkanna eru ólík en allir eru listamennirnir með einum eða öðrum hætti að kanna forsendurnar að baki blekkingu ljósmyndarinnar. Möguleikar sviðsettra ljósmynda eru ótakmarkaðir. Vegna viðhorfs okkar til miðilsins halda verkin tengslum sínum við veruleikann. Nákvæm niðurröðun myndefnisins og augljós tæknibrögð sem ljósmyndarinn beitir segja okkur um leið að hér sé um skáldskap að ræða.

Sýningin er skipulögð af samtökum sjálfstætt starfandi sýningarstjóra, ICI, og kemur hingað til lands frá Bandaríkjunum. Á meðal sýnenda má nefna Cindy Sherman, Mike Kelley, Paul McCarthy, Thomas Demand, Wilmar Koenig, Fischli & Weiss, Laurie Simmons, Hiroshi Sugimoto og Gregory Crewdson. Sýningarstjóri er listamaðurinn, rithöfundurinn og ritstjórinn Vic Muniz. Í sýningarskrá rekur hann sögu ljósmyndatækninnar en leikrænar sviðsetningar ljósmynda hafa þekkst frá árdögum miðilsins og upphaf táknsögulegra ljósmynda er rakið allt aftur til 1843. Þekktir ljósmyndarar á borð við Man Ray og Moholy-Nagy störfuðu samtímis að auglýsingagerð og listrænni ljósmyndun í uppgangi neyslumenningarinnar eftir síðari heimsstyrjöld. Þróun uppstillingarljósmyndunar segir Muniz alltaf hafa mótast af kröfu viðskiptalífsins um fullkomið myndefni. Listmálun, leiklist og heimur kvikmyndanna hefur verið nýttur til fullnustu við sviðsetningu „fullkomna" augnabliksins.

Tölvutæknin hefur gjörbreytt forsendum ljósmyndarinnar og öllum má nú vera ljóst hvílíkum blekkingum ljósmyndin getur beitt. „Tölvutæknin hefur bundið enda á baráttuna milli veruleika og framsetningar í ljósmyndun og þar með hefur myndin sjálf öðlast ótvírætt sjálfstæði," segir Muniz. Þessar breytingar hafa þó haft í för með sér að áhorfandinn

ÁSTFANGIÐ SVÍN

Umræða um gagnrýni hefur verið með fjörlegasta móti í kjölfar uppsagnar Jóns Viðars Jónssonar í Dagsljósi og umræðna um þýðingu á skáldsögu eftir Ólaf Jóhann Ólafsson. SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR segir hér frá nýrri norskri bók um bókmenntagagnrýni og hinu fjölbreytta myndmáli sem notað er til að lýsa gagnrýnendum og starfi þeirra.



Thomasswick/Fort Lauderdale Sun

EDWARD Albee líkti gagnrýnendum við svín og sagði að það þyrfti svín til að leita uppi bestu jarðsveppina. Gagnrýnendur eru þá í hlutverki svínsins sem notað er til að þefa uppi hina gómsætustu sveppi.

NÝLEGA kom út hjá J.W. Cappelens Forlag í Noregi greinasafn um bókmenntagagnrýni sem vakið hefur nokkra athygli á Norðurlöndunum. Bókin ber þann skemmtilega titil Samræður við svín (Samtale med et svin) og vísar titillinn til frægra orða Edwards Albees, sem sagði að það þyrfti svín til að leita uppi bestu jarðsveppina. Gagnrýnendur eru þá í hlutverki svínsins sem notað er til að þefa uppi hina gómsætustu sveppi. (Orðtakið „að kasta perlum fyrir svín" kemur einnig upp í hugann.)

Ritstjórar bókarinnar eru rithöfundarnir Sissel Lie og Liv Nysted og í formála velta þær upp spurningum um starf gagnrýnandans og eðli starfsins í litlum samfélögum þar sem „allir þekkja alla". Noregur er það „litla" samfélag sem þær vísa til og vafalaust eiga hugleiðingar þeirra ekki síður við í enn minna samfélagi eins og á Íslandi. Lie og Nysted spyrja hvort gagnrýni í svo litlu samfélagi sé nokkuð annað en marklaust blaður sem grundvallist á nánum kynnum gagnrýnenda og höfunda. Kynnum sem valda því að gagnrýnandinn tekur aldrei nógu alvarlega á viðfangsefni sínu því hann vill ekki spilla sambandi sínu og höfundarins. Einnig velta þær fyrir sér hvort gagnrýnendur séu yfirhöfuð nógu færir til að taka á móti nýjungum og frávikum í bókmenntum, þar sem bæði þeir og lesendur almennt séu yfirleitt blindaðir af ríkjandi raunsæishefð í bókmenntum og listum.

Gagnrýni fyrir hvern?

Til hvers ætlast lesendur af gagnrýnendum? spyrja ritstjórarnir ennfremur. Vilja þeir fá efni bóka endursagt eða fræðilegar útleggingar og túlkanir? Vilja þeir lesa tilfinningaþrungnar lýsingar á lestrarreynslunni eða vilja þeir kannski að gagnrýnandinn veiti höfundinum tilsögn varðandi það sem betur mætti fara í viðkomandi texta? Allar þessar vangaveltur snúast í raun um spurninguna *um það hverjum gagnrýnin er ætluð*. Þótt undarlegt sé, virðist þessi spurning vefjast fyrir mörgum. Sá misskilningur virðist oft ríkjandi að gagnrýni sé ætluð listamanninum (rithöfundinum, leikskáldinu, leikaranum, leikstjóranum o.s.frv.) eða hans nánasta umhverfi (bókaforlaginu, leikhúsinu) og í slíkri skoðun hlýtur að felast að gagnrýnin eigi að vera leiðbeinandi. Þetta er að mínu mati fráleitt. Gagnrýnandinn á ekki og getur ekki sagt listamanninum til. Hann getur einungis lagt mat á það verk sem fyrir liggur, mat sem er grundvallað á hæfileika viðkomandi til að greina verkið og tengja það við hefð og samtíma, ásamt því að geta komið mati sínu á framfæri á skiljanlegu máli.

Að mínu mati er spurningunni um það hverjum gagnrýnin er ætluð auðsvarað. Hún er ætluð lesendum blaðsins (í tilviki blaðagagnrýnandans) eða öðrum viðtakendum þess miðils sem gagnrýnandinn vinnur fyrir (hlustendum útvarps, áhorfendum sjónvarps o.s.frv.) Og gagnrýnin á að vera þannig framreidd að hinn almenni viðtakandi geti skilið hana og metið út frá eigin forsendum. Með það í huga verður krafan um að einungis leikhúsfræðingar eða menntað leikhúsfólk geti skrifað um leiksýningar jafn fráleit og að einungis bókmenntafræðingar eða rithöfundar geti skrifað um bókmenntir (ekki eru áhorfendur menntaðir leikhúsfræðingar upp til hópa, eða lesendur bókmenntaverka þjálfaðir bókmenntafræðingar). Hæfileikinn til að skilja, skynja og geta komið frá sér mati sínu á mannamáli verður ekki mældur í háskólagráðum, þótt þær geti stundum treyst þann hæfileika, sem betur fer.

Vonandi misskilur enginn orð mín svo að ég sé andsnúin „menntuðum" gagnrýnendum. Að sjálfsögðu getur menntun haft mikið að segja fyrir þá hlið gagnrýninnar sem snýr að því að greina einstök verk og tengja þau við önnur verk – og tímann. En menntun er, í sjálfu sér, aldrei trygging fyrir því að gagnrýnandinn sé starfi sínu vaxinn. Það sem að mínu mati skiptir meira máli hér er